



Atvinnu- og menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

3. fundur Atvinnu- og Menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Stjórnsýsluhúsinu Borg, 7. nóvember 2022 kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Pétur Thomsen, fulltrúi sveitarstjórnar

Anna María Danielsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Pétur Thomsen.

1. Erindisbréf

Frestað

2. Vinna við Atvinnumálastefnu Uppsveitanna - staðan og næstu skref

Gögn hafa borist vegna vinnu við Atvinnumálastefnu Uppsveitanna.

Eftir Atvinnumálaþingið er verið að vinna íbúakönnun fyrir uppsveitir Árnassýslu. Könnunin verður unnin áfram á næsta fundi starfshóps þann 10. nóvember.

3. Fjárhagsáætlanagerð

Engar athugasemdir hafa borist nefndinni frá sveitarstjórn vegna innsendrar áætlunar fyrir fjárhagsáætlun 2023.

4. Undirbúningur fyrir viðburði á árinu 2023

Stefnt er að því að hafa eftirtalda viðburði á árinu:

- *Hátíðarhöld á 17. júní.*
- *25 ára afmæli Grímsnes- og Grafningshrepps*
- *Borg í sveit*
- *Íbúafund v. vinnu við Atvinnumálastefnu Uppsveitanna*

Fyrir 17. júní hafa borist tilboð í leigu á hoppuköstulum.

- *Frá Hopp og Skopp: Fiðrilda hoppukastali og teygjubraut. Leiga kostar 85.000 ef sótt. 145.000 ef þeir koma með og setja upp.*
- *Skátaland: Ævintýrakastali 37.500, Teygjubraut 45.000. Samtals 82.500*

Formaður athugar með leikhóp fyrir 17. júní.



Atvinnu- og menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Nefndin skoðar möguleikann á því að hafa Borg í sveit og 25 ára afmælishátíð Grímsnes- og Grafningshrepps laugardaginn 3. júní 2023. Boðið verður upp á afmælisköku og markaðstorg sett upp á torginu. Möguleikar á að hafa ball um kvöldið verða athugaðir.

5. Önnur mál

Rætt um möguleika á Atvinnu með stuðningi hjá sveitarfélaginu. Pétri falið að skoða það mál frekar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:50.